


# Aukið eftirlit með kjöti og eggjum á markaði

Samantekt 1 um framvindu verkefnisins

## 1. Undirbúningur

Hannaður var gátlisti til að fara yfir í skjalaskoðun til að einfalda og samræma eftirlit. Gátlistinn er enn í mótun. Forritið iAuditor hefur verið notað í verkefninu en setja má gátlistann í hvaða forrit sem er, sem hentar.



Mynd 1: Skjöl sem eiga að vera til staðar fyrir ákveðin matvæli sem flutt hafa verið til landsins.

## 2. Skjalaskoðun

- Komið hefur verið á samstarfi við Tollinn sem felst í því að Tollurinn sendir upplýsingar um innflutning á kjöti. Fylgst er sérstaklega með ákveðnum tollskrárnúmerum sem tengjast viðbótatryggingum og reglugerð um kampýlobakter. Haft var samband við þau fyrirtæki sem flutt hafa inn vörur undir ákveðnum tollskrárnúmerum á árinu 2020. Mikilvægt er að vera í samstarfi við fyrirtækin og sinna leiðbeiningaskyldu.
- Farið var í boðið eftirlit hjá 5 fyrirtækjum á svæði Heilbrigðieftirlits Reykjavíkur og 1 fyrirtæki á svæði Heilbrigðiseftirliti Hafnafjarðar og Kópavogs (HHK). Enginn innflutningur hafði átt sér stað hjá fyrirtækinu á svæði HHK, þar var aðeins verið að sinna leiðbeiningaskyldu.
- Skjalaskoðun: Eftir breytingar á lagaumhverfinu hefur innflutningur á ófrystu fersku kjöti og eggjum farið hægt af stað. Í fyrstu eftirlitsferðunum í janúar var verið að skoða innflutning á kjöti sem var undirbúið til sendingar á árinu

2019 en kom til landsins eftir áramótin. Í öllum tilfellum var um frosið kjöt að ræða, nautakjöt, svínakjöt og/eða kjúklingakjöt.

Tvær sendingar hafa borist af innfluttu ófrosnu nautakjöti á árinu. Í öðru tilfallinu voru tekin sýni um leið og skjalaskoðun var framkvæmd. Ekki er ljóst hvað verður um hina sendinguna en þar er um að ræða nautakjöt frá dreifingaraðila í Hollandi. Uppruni kjötsins er USA en starfstöðin hefur evrópskt samþykkisnúmer. Hluti af sendingunni barst til Íslands. Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis vannur að málinu.

### 3. Sýnatökur

- Farið var í eina sýnatöku, en flutt var inn ófrosið nautakjöti frá Danmörku, sem eftirlitsaðilar tóku sýni af hjá innflutningsaðila. Sýnin voru send til rannsóknar á *Salmonella* hjá Keldum. Engin *Salmonella* greindist í sýnunum.
- Sýnatökuáætlun er í vinnslu.

### 4. Niðurstaða

Hér má sjá yfirlit yfir fjölda fyrirtækja sem hafa flutt inn nauta, svína og kjúklingakjöt, þar sem farið var í skjalaskoðun á tímabilinu 1.1.2020-13.2.2020. Í öllum tilfellum nema einu voru sendingar undirbúnar á árinu 2019 en þær bárust til landsins eftir áramót.


Nautakjöt		Svínakjöt		Kjúklingakjöt		Kalkúnakjöt		Egg
Frosið	Ófrosið	Frosið	Ófrosið	Frosið	Ófrosið	Frosið	Ófrosið	
4	1	2	0	2	0	0		0

- Niðurstöður úr skjalaskoðun

Helstu atriði sem athugasemdir voru gerðar við í skjalaskoðun	Fjöldi frávíka
Er frumrit til staðar? (Viðskiptaskjal skal vera í a.m.k. þríriti (eitt frumrit og tvö afrit) Frumritið skal fylgja sendingunni til lokaákvörðunarstaðar. Viðtakandi skal halda því eftir. Framleiðandinn skal halda eftir öðru afritinu og flytjandinn hinu.	5
Er viðskiptaskjal til staðar ?	3
Er sýnataka skv. 2. tl. í B-þætti í viðauka í EB reglugerð nr. 1688/2005	2
Er viðbótarskjalið á íslensku, ensku eða norðurlandamáli öðru en finnsku, fylgir því opinber þýðing eða hefur það verið samþykkt áður af lögbæru yfirvaldi.	2
Hvaða rannsóknnaðferð er notuð við greiningu á <i>Salmonella</i> ?	2
Er frumrit viðskiptaskjals á einu blaði, áprentað báðum megin eða er form þess þannig að allar síðurnar mynda samfellda og órjúfanlega heild.	1
Eru rannsóknarvottorð fyrir salmonellugreiningar til staðar? sbr. 1. gr í reglugerð nr. 134/2010	1


Tafla 1 Helstu atriði í gátlistanum sem frávík eru sett við.

Þau frávik sem sett hafa verið í skjalaskoðun hafa í sumum tilfellum verið lagfærð eða um formsatriði er að ræða. Það sem oftast er sett frávik við, er frumrit en samkvæmt reglugerð þarf frumrit að fylgja sendingum. Í öllum tilfellum hafa gögn verið á rafrænu formi. Ef frumrit á að vera á rafrænu formi þarf að vera hægt að ganga úr skugga um að skjalið sé sannanlega frumrit og þarf að vera hægt að sýna fram á rekjanleika og áreiðanleika þess. Ekki er óeðlilegt að frávik séu vegna ákveðinna atriða þar sem sendingar voru undirbúnar árið 2019.



Mynd 2 Niðurstöður fengnar úr gátlista í IAuditor

- Yfirlit yfir skjalaskoðunareftirlit



- Niðurstöður úr rannsóknum

Eins og áður hefur komið fram var ein sýnataka framkvæmd þann 13.2.2020 en þá var flutt rúmlega hálf tonn af ófrosnu nautakjöti frá Danmörku. Samkvæmt niðurstöðum frá rannsóknastofu greindist ekki salmonella í sýnunum.

Matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Neytendarverndarsvið Matvælastofnunar